

L Ö G

um breyting á lögum nr. 21/1957, um dýravernd.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á undan 8. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Óheimilt er að reka hvali á land, nema fullvíst sé, að unnt sé að hagnýta þá til matar eða á annan hátt. Við rekstur hvala skal nota eins mannúðlegar aðferðir og unnt er, og við deyðingu þeirra skal beita lagvopnum og aðferðum, sem nánar skal kveðið á um í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

FORSETA BRÉF

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi, 88. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Mun ég því slíta Alþingi í dag, laugardaginn 20. apríl 1968.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.